



## Fundargerð samgöngunefndar SSA (SASSA)

### Fundur nr. **1** starfsárið 2011 - 2012

Fyrsti fundur samgöngunefndar SSA, sem kjörin var á aðalfundi SSA 1. okt. 2011 var haldinn miðvikud. 14. des. 2011. Voru þátttakendur tengdir í síma, en allir kjörnir aðalmenn tóku þátt í fundinum. Auk þess sat fundinn Björn Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA og ritaði hann fundargerð og stýrði fundi undir lið 1 a).

Í samgöngunefndina voru eftirtalin kjörin (varamenn í sviga):

Borgarfjarðarhreppur:	Jakob Sigurðsson (Jón Þórðarson),
Breiðdalshreppur:	Gunnlaugur Ingólfsson (Jónas Bjarki Björnsson),
Djúpavogshreppur:	Andrés Skúlason (Gauti Jóhannesson),
Fjarðabyggð:	Páll Björgvin Guðmundsson (Jón Björn Hákonarson),
Fljótsdalshérað:	Gunnar Jónsson (Páll Sigvaldason),
Fljótsdalshreppur:	Jóhann F. Þórhallsson (Gunnþórunn Ingólfsdóttir),
Seyðisfjarðarkaupstaður:	Daníel Björnsson (Guðrún Katrín Árnadóttir),
Vopnafjarðarhreppur:	Þorsteinn Steinsson (Bárður Jónasson).

#### Ályktun aðalfundar um verkefni samgöngunefndar var sem hér greinir:

Aðalfundur SSA, haldinn á Hallormsstað 30. sept. og 1.okt. 2011, samþykkir að sveitarfélög á starfssvæði SSA skipi í samgöngunefnd sveitarfélaga á Austurlandi sem starfi fram að næsta aðalfundi sambandsins.

Samgöngunefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og einum til vara. Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

- Fjalla um samgöngumál í fjórðungnum.
- Vinna að framgangi tillagna aðalfundar SSA í samgöngumálum.
- Eiga samskipti við og afla upplýsinga frá samgönguyfirvöldum um stöðu áætlana og verkefna í samgöngumálum í fjórðungnum.
- Vinna að öðrum samgöngutengdum verkefnum sem stjórn SSA kann að vísa til nefndarinnar.

Stjórn SSA skal móta starfsreglur fyrir nefndina þar sem m.a. verði tekið til verkaskiptingar milli nefndarinnar, annarra nefnda og stjórnar SSA. Samgöngunefnd skal bera tillögur um skipun starfshópa og fjárútlát til einstakra verkefna undir stjórn til samþykktar. Miða skal við að einn fulltrúi í nefndinni eigi jafnframt sæti í stjórn SSA.

#### Gengið var til fyrirleggjandi dagskrár:

1. **Verkaskipting** (formaður, varaformaður og ritari):
  - a) Formaður var einróma kjörinn Þorsteinn Steinsson.  
Hér tók nýkjörinn formaður við stjórn.
  - b) Varaform var einróma kjörinn Daníel Björnsson.
  - c) Ritari var einróma kjörinn Jóhann Þórhallsson.  
Nefndin reiknar með því að frkvstj. SSA / verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála hjá AST vinni með nefndinni og aðstoði við ritun og frágang fundargerða.

2. **Farið yfir ályktanir aðalfundar SSA haustið 2011 er varða starf nefndarinnar:** Nefndin lítur svo á að henni beri m.a. að taka til skoðunar / vinna með neðangreindar ályktanir, en þær er allar að finna í gögnum SSA og m.a. á heimasíðunni [www.ssa.is](http://www.ssa.is) Hér í fundargerðinni verða því eingöngu talin upp „heiti / innihald“ ályktananna:

**Landsamgöngur:**

Jarðgangnagerð  
Nýframkvæmdir í vegagerð  
Endurbætur og viðhald vega  
Einbreiðar brýr  
Veghald þjóðvega í þéttbýli

**Flugsamgöngur:**

Þylusveit á Austurlandi  
Öflugt innanlandsflug  
Mikilvægi Reykjavíkurlflugvallar

**Hafnir:**

Áframhaldandi styrkir til hafnaframkvæmda.  
Olíurannsóknir á Drekasvæði / möguleikar Mjóeyrarhafnar

**Fjarskipti.**

**Almenningssamgöngur.**

**Einnig, eftir því, sem við á:**

**(Var flokkað undir byggða- og atvinnumál í gögnum aðalfundar):**

Stofnanir ríkisins á Austurlandi  
Framkvæmdir á vegum ríkisins  
Leiðbeinandi og samræmdar vegamerkingar

3. **Önnur verkefni, sem einstakir nefndarmenn vilja leggja áherzlu á:**  
Í þessu sambandi nefndi Gunnar Jónsson drög að samgönguáætlun Alþingis eins og þau liggur nú fyrir. Formanni var falið í samráði við skrifstofu SSA að koma á framfæri við þingmenn NA-kjördæmis skýrum áherzlum seinasta aðalfundar SSA hvað varðar þau verkefni, sem virðast vera að færast aftar í framkvæmdaröð, en áður lá fyrir.
4. **Verkefni, er stjórn SSA kann að vísa til viðkomandi nefndar:**  
Fyrir liggur erindi frá Sigurði Gunnarssyni á Seyðisfirði, varðandi hugmyndir hans um akstursleið norðan Vatnajökuls, milli Fljótsdalshéraðs og Suðurlands, sem hann hreyfði við forsvarsmenn SSA undir lok seinasta starfsárs. Þar sem að á þeim tíma voru uppi vísbendingar um að ný samgöngunefnd yrði kjörin á aðalfundinum síðar um haustið, töldu menn að hugmyndir SG ættu bezt heima hjá væntanlegri nefnd. Samþykkt var að nefndin tæki við gögnum frá SG og í framhaldi af því talið eðlilegt að hann eigi þess kost að mæta við fyrstu hentugleika beggja á fund hjá SASSA til að gera grein fyrir hugmyndum sínum.
5. **Fundafyrirkomulag:**  
Ákveðið var að fyrsta verkefni nefndarinnar verði samráðsfundur á Reyðarfirði með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar strax í lok des. 2011 eða í upphafi jan. 2012 m.a. í því skyni að koma á framfæri áherzlum nefndarinnar og reyna að hafa áhrif á endanlega samgönguáætlun eftir því sem þurfa þykir.



BHG var falið að kanna hve brýnt væri að koma framangreindum samráðsfundi á og vinna að undirbúningi hans í samráði við form. SASSA.

Á sama fundi verði kallað eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um framkv., sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um að hefja á næstunni, umfang þeirra og verkhraða.

**6. Ákvörðun um næsta fund og fjöldi funda á kjörtímabilinu:**

(Sjá lið 5 varðandi næsta fund).

Nefndarmenn telja að almennt beri að stefna að „faðmlagafundum“ (með mgl. á símatengingum séu þannig aðstæður uppi) og ganga út frá því að funda að jafnaði annan hvern mánuð. „Síðasta vikan / föstudagur“ í öðrum hverjum mánuði var talin heppileg í þessu sambandi.

Auk hefðbundinna fundarstarfa verði farið í vettvangsferðir til að skoða ákv. framkvæmdir / framkvæmdaplön í tengslum við staðsetningu funda hverju sinni, sem taki þá mið af þessum vilja nefndarinnar.

**7. Önnur mál.**

Önnur mál engin.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 10:45.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.